



Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 REYKJAVÍK

Tillaga um rekstur áfangaheimilis fyrir konur.

Á fundi velferðarráðs 20. maí sl. var samþykkt að velferðarsviði yrði falið í samræmi við innkaupareglur Reykjavíkurborgar að auglýsa eftir samstarfsaðila um rekstur áfangaheimilis fyrir konur í miðborginni. Var jafnframt gert ráð fyrir því að horfið yrði frá því að nýta Víðines sem áfangaheimili. Kostnaður við rekstur gæti numið allt að 25 m.kr.

Í meðfylgjandi tillögu sviðsstjóra, dags. 29. maí, er óskað eftir fjárheimild til rekstursins.

Virðingarfyllst,

Regina Ásvaldsdóttir,
sviðsstjóri

Hjlagt:

Tillaga sviðsstjóra velferðarsviðs, dags. 29. maí 2020 um rekstur áfangaheimilis fyrir konur.
Tillaga sviðsstjóra velferðarsviðs, dags. 20. maí 2020 um rekstur áfangaheimilis fyrir konur.
Útdráttur úr fundargerð velferðarráðs, dags. 20. maí 2020.



Reykjavík, 29. maí 2020

VEL2020040007

RÁ/ds/asa

Tillaga

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu: Rekstur áfangaheimilis fyrir konur

Óskað er eftir fjárheimild sem gæti numið allt að 25. m.kr. á ári til reksturs áfangaheimilis fyrir konur í miðborginni. og að jafnframt verði horfið frá því að nýta Víðines sem áfangaheimili fyrir karla, sbr. ákvörðun borgarráðs frá 10. október 2019.

Greinargerð:

Á fundi velferðarráðs 20. maí sl. var samþykkt að velferðarsviði yrði falið í samræmi við innkaupareglur Reykjavíkurborgar að auglýsa eftir samstarfsaðila um rekstur áfangaheimilis fyrir konur í miðborginni. Var jafnframt gert ráð fyrir því að horfið yrði frá því að nýta Víðines sem áfangaheimili. Kostnaður við rekstur gæti numið allt að 25. m.kr.

Tillagan byggir á samþykkt borgarráðs frá 10. október 2019 en þar var eftirfarandi tillaga samþykkt:

Lagt er til að borgarráð heimili velferðarsviði að auglýsa eftir samstarfsaðilum um rekstur áfangaheimilis í Víðinesi á Kjalarnesi. Samstarf verði við innkaupaskrifstofu um framkvæmd. Um er að ræða húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar þar sem er möguleiki á að bjóða upp á aðstöðu fyrir allt að 30 einstaklinga. Kostnaður vegna innri leigu er 63 m.kr. á ári og gert er ráð fyrir 25 m.kr. í endurbætur á húsnæðinu. Framlag Reykjavíkurborgar verði m.a. í formi niðurgreiðslu á leigu.

Á fundi velferðarráðs þann 1. apríl 2020 var samþykkt eftirfarandi tillaga fulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna um áfangaheimili fyrir konur:

Velferðarráð felur velferðarsviði að meta þörf á áfangaheimili fyrir konur í Reykjavík og koma með tillögu að stærð slíks áfangaheimilis, staðsetningu og fyrirkomulagi ef niðurstaða mats verður að þörf sé á slíku heimili.

Í greinargerð með tillöggunni segir að í stefnu Reykjavíkurborgar um málefni heimilislausra með miklar og flóknar þjónustufarfir komi fram að uppbygging þjónustu við heimilislausa í Reykjavík hafi á undanförunum árum verið meira til þess fallin að mæta þörfum karla en kvenna. Húsnæðisvandi kvenna sé oft dulinn og tilraunir til að mæta þörfum þeirra með sérstökum úrræðum hafa ekki borið nægjanlegan árangur. Vandí kvenna getur verið mjög flókinn, og þeim fylgir oft mikil áfallasaga úr æsku, vanræksla og hegðunarvandi. Konur eru einnig oft í þeim aðstæðum að vera upp á ofbeldismenn komnar varðandi vímuefni og eru útsettar fyrir ofbeldi og því jaðarsettar í félags- og heilbrigðiskerfinu. Konur þurfi skjól og öryggi þar sem þeim er mætt á þeirra eigin forsendum. Fáar konur eru á bið eftir úrræðum í samliggjandi íbúðum eða áfangageimilum en þær eru um helmingur umsækjenda í dreifðar íbúðir. Því er óskað eftir mati velferðarsviðs á þörf á áfangageimilum sem væri einungis fyrir konur.

Við undirbúning stefnu um málefni heimilislausra með miklar og flóknar þjónustufarfir var gerð þarfagreining á grundvelli umsókna um sértækt húsnæði. Niðurstaðan var að 45 einstaklingar gætu mögulega nýtt sér búsetu í Víðinesi ef um yrði að ræða úrræði sem væri mögulega blanda af áfangageimili sem og húsnæði með áherslu á batamiðaða nálgun. Í mars 2019 voru 26 karlar á bið eftir áfangageimili en voru 17 í mars 2020. Ekki eru haldbærar skýringar á fækkun umsókna en mögulega má rekja hana til þess að VoR (Vettvangs- og ráðgjafarteymi) þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða hefur verið eflt m.a. með áherslu á „housing first“ sem tryggir aukinn stöðugleika í þjónustu. Draumasetrið hefur einnig bætt við rýmum á Stórhöfða og stefnt er að því að 25 herbergi verði til leigu eftir tvo til þrjú mánuði. Á síðustu mánuðum virðist einnig vera aukið framboð á leiguhúsnæði. Það er því ýmislegt sem bendir til að auðveldara kunni að verða fyrir þá karlmenn sem sótt hafa um áfangageimili að finna viðunandi húsnæði en eftir stendur að þörf kvenna verður síður mætt þrátt fyrir að Draumasetrið leigi bæði körlum og konum.

Frekari skoðun á Víðinesi hefur leitt í ljós að kostnaðarsamara er að gera húsnæðið viðunandi sem og aðgengi að staðnum en áætlað var í fyrstu.

Á Njálsgötu eru 17 félagslegar leiguíbúðir. Til skamms tíma var starfræktur búsetukjarni í sjö íbúðum af 17. Í dag er ekki lengur starfsemi í húsinu en talið að húsnæðið henti vel undir rekstur áfangageimilis þar sem eftirlit og stuðningur væri tryggður. Gera þarf nauðsynlegar breytingar á húsnæðinu m.a. til að tryggja brunavarnir. Eftir það yrðu 14 íbúðir til reiðu fyrir leigjendur, ein starfsmannaíbúð og sameiginlegt rými.

Því er lagt til að horfið verði frá því að nýta Víðinesið og talið að Njálsgata með 14 íbúðum geti mætt þeirri þörf sem er fyrir áfangageimili fyrir konur.

Velferðarsvið hefur ekki rekið áfangageimili fyrir konur og þar af leiðandi liggja ekki fyrir umsóknir um slíkt úrræði hjá þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar. Niðurstaða mats þjónustumiðstöðva eru að a.m.k. 25 konur sem eru í sambandi við þjónustumiðstöðvar geti nýtt sér áfangageimili. Erfitt sé þó að meta nákvæma þörf því húsnæðisþörf þessa hóps sé dulin. Undir það tekur verkefnahópur velferðarsviðs sem starfar á grundvelli stefnu um málefni einstaklinga með miklar og flóknar þjónustufarfir og telur afar mikilvægt að starfrækt verði áfangageimili, sértaklega fyrir yngri hóp kvenna sem hefur strítt við heimilisleysi. Þjónustan yrði byggð á

áfallamiðaðri hugmyndafræði með náinni samvinnu við göngudeildarþjónustu LSH og heilsugæslu.

Óskað var eftir mati Rótarinnar og SÁÁ á þörf fyrir áfangaheimili fyrir konur. Svar hefur borist frá Rótinni og þar kemur fram að nokkuð snúið sé að meta þörfina vegna þess að upplýsingar skortir og þá ekki síst fyrir þann hóp sem ekki hefur haft aðgengi að þjónustu hingað til, ýmist vegna þess að sú þjónusta sem er í boði er of krefjandi fyrir þær eða að ekki hefur verið gert ráð fyrir því að þær þurfi þjónustu. Hins vegar telur Rótin þörfina fyrir hendi og að mikilvægt sé að byggja starfsemina á áfallamiðaðri hugmyndafræði.

Kostnaðarmat:

	Njálsgata
Launakostnaður	19.300.000
Húsaleigugjöld	16.500.000
Húsaleigutekjur	-14.520.000
Annar kostnaður	3.000.000
Samtals	24.280.000

Miðað er við eitt stöðugildi forstöðumanns í dagvinnu og hálf stöðugildi félagsráðgjafa. Reiknað er með að húsaleigugjöldin séu aðeins hærri en tekjurnar af leigu til íbúanna því ólíklegt er að um 100% nýtingu verði að ræða á ársgrundvelli.



Lagt fyrir 378. fund velferðarráðs 20. maí 2020

VEL2020040007

RÁ/kg

Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu: Rekstur áfangaheimilis fyrir konur

Lagt er til að velferðarsviði verði falið í samræmi við innkaupareglur Reykjavíkurborgar að auglýsa eftir samstarfsaðila um rekstur áfangaheimilis fyrir konur að Njálsgötu. Áætlaður rekstrarkostnaður á ári er 27.480.000 mkr. Af þeim kostnaði rúmast 22 mkr. innan fjárheimilda, sbr. meðfylgjandi kostnaðarmat.

Greinargerð:

Tillagan byggir á samþykkt borgarráðs frá 10. október 2019 en þar var eftirfarandi tillaga samþykkt:

Lagt er til að borgarráð heimili velferðarsviði að auglýsa eftir samstarfsaðilum um rekstur áfangaheimilis í Víðinesi á Kjalarnesi. Samstarf verði við innkaupaskrifstofu um framkvæmd. Um er að ræða húsnæði í eigu Reykjavíkurborgar þar sem er möguleiki á að bjóða upp á aðstöðu fyrir allt að 30 einstaklinga. Kostnaður vegna innri leigu er 63 m.kr. á ári og gert er ráð fyrir 25 m.kr. í endurbætur á húsnæðinu. Framlag Reykjavíkurborgar verði m.a. í formi niðurgreiðslu á leigu.

Á fundi velferðarráðs þann 1. apríl 2020 var samþykkt eftirfarandi tillaga fulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna um áfangaheimili fyrir konur:

Velferðarráð felur velferðarsviði að meta þörf á áfangaheimili fyrir konur í Reykjavík og koma með tillögu að stærð slíks áfangaheimilis, staðsetningu og fyrirkomulagi ef niðurstaða mats verður að þörf sé á slíku heimili. Samþykkt.

Í greinargerð með tillögunni segir að í stefnu Reykjavíkurborgar um málefni heimilislausra með miklar og flóknar þjónustufarfir komi fram að uppbygging þjónustu við heimilislausu í Reykjavík hafi á undanförunum árum verið meira til þess fallin að mæta þörfum karla en kvenna. Húsnæðisvandi kvenna sé oft dulinn og

tilraunir til að mæta þörfum þeirra með sérstökum úrræðum hafa ekki borið nægjanlegan árangur. Vandí kvenna getur verið mjög flókinn, og þeim fylgir oft mikil áfallasaga úr æsku, vanræksla og hegðunavandi. Konur eru einnig oft í þeim aðstæðum að vera upp á ofbeldismenn komnar varðandi vímuefni og eru útsettar fyrir ofbeldi og því jaðarsettar í félags- og heilbrigðiskerfinu. Konur þurfi skjól og öryggi þar sem þeim er mætt á þeirra eigin forsendum. Fáar konur eru á bið eftir úrræðum í samliggjandi íbúðum eða áfangahéimilum en þær eru um helmingur umsækjenda í dreifðar íbúðir. Því er óskað eftir mati velferðarsviðs á þörf á áfangahúsnæði sem væri einungis fyrir konur.

Við undirbúning stefnu um málefni heimilislausra með miklar og flóknar þjónustufarir var gerð þarfagreining á grundvelli umsókna um sértækt húsnæði. Niðurstaðan var að 45 einstaklingar gætu mögulega nýtt sér búsetu í Víðinesi ef um yrði að ræða úrræði sem væri mögulega blanda af áfangahéimili sem og húsnæði með áherslu á batamiðaða nálgun. Í mars 2019 voru 26 karlar á bið eftir áfangahéimili en voru 17 í mars 2020. Ekki eru haldbærar skýringar á fækkun umsókna en mögulega má rekja hana til þess að VoR (Vettvangs- og ráðgjafarteymi) þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða hefur verið eflt m.a. með áherslu á „housing first“ sem tryggir aukinn stöðugleika í þjónustu. Draumasetrið hefur einnig bætt við rýmum á Stórhöfða og stefnt er að því að 25 herbergi verði til leigu eftir tvo til þrjú mánuði. Á síðustu mánuðum virðist einnig vera aukið framboð á leiguhúsnæði. Það er því ýmislegt sem bendir til að auðveldara kunni að verða fyrir þá karlmenn sem sótt hafa um áfangahéimili að finna viðunandi húsnæði en eftir stendur að þörf kvenna verður síður mætt þrátt fyrir að Draumasetrið leigi bæði körlum og konum.

Frekari skoðun á Víðinesi hefur leitt í ljós að kostnaðarsamara er að gera húsnæðið viðunandi sem og aðgengi að staðnum en áætlað var í fyrstu.

Á Njálsgötu eru 17 félagslegar leiguíbúðir. Til skamms tíma var starfræktur búsetukjarni í sjö íbúðum af 17. Í dag er ekki lengur starfsemi í húsinu en talið að húsnæðið henti vel undir rekstur áfangahéimilis þar sem eftirlit og stuðningur væri tryggður. Gera þarf nauðsynlegar breytingar á húsnæðinu m.a. til að tryggja brunavarnir. Eftir það yrðu 14 íbúðir til reiðu fyrir leigjendur, ein starfsmannaíbúð og sameiginlegt rými.

Því er lagt til að horfið verði frá því að nýta Víðinesið og talið að Njálsgata með 14 íbúðum geti mætt þeirri þörf sem er fyrir áfangahéimili fyrir konur.

Velferðarsvið hefur ekki rekið áfangahéimili fyrir konur og þar af leiðandi liggja ekki fyrir umsóknir um slíkt úrræði hjá þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar. Niðurstaða mats þjónustumiðstöðva eru að a.m.k. 25 konur sem eru í sambandi við þjónustumiðstöðvar geti nýtt sér áfangahéimili. Erfitt sé þó að meta nákvæma þörf því húsnæðisþörf þessa hóps sé dulin. Undir það tekur verkefnahópur velferðarsviðs sem starfar á grundvelli stefnu um málefni einstaklinga með miklar og flóknar þjónustufarir og telur afar mikilvægt að starfrækt verði áfangahéimili, sértaklega fyrir yngri hóp kvenna sem hefur strítt við heimilisleysi. Þjónustan yrði byggð á áfallamiðaðri hugmyndafræði með náinni samvinnu við göngudeildarþjónustu LSH og heilsugæslu.

Óskað var eftir mati Rótarinnar og SÁÁ á þörf fyrir áfangaheimili fyrir konur. Svar hefur borist frá Rótinni og þar kemur fram að nokkuð snúið sé að meta þörfina vegna þess að upplýsingar skortir og þá ekki síst fyrir þann hóp sem ekki hefur haft aðgengi að þjónustu hingað til, ýmist vegna þess að sú þjónusta sem er í boði er of krefjandi fyrir þær eða að ekki hefur verið gert ráð fyrir því að þær þurfi þjónustu. Hins vegar telur Rótin þörfina fyrir hendi og að mikilvægt sé að byggja starfsemina á áfallamiðaðri hugmyndafræði.

Kostnaðarmat:

	Njálsgata
Launakostnaður	22.500.000
Húsaleigugjöld	16.500.000
Húsaleigutekjur	-14.520.000
Annar kostnaður	3.000.000
Samtals	27.480.000

Miðað er við eitt stöðugildi forstöðumanns í dagvinnu og hálf stöðugildi félagsráðgjafa. Reiknað er með að húsaleigugjöldin séu aðeins hærri en tekjurnar af leigu til íbúanna því ólíklegt er að um 100% nýtingu verði að ræða á ársgrundvelli.

Gert var ráð fyrir að velferðarsvið leigði húsnæði að Víðinesi á árinu 2020. Leigusamningnum hefur verið sagt upp en kostnaður á ári nemur 22 m.kr. sem mætti nýta í rekstur áfangaheimilisins.

8. Lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra, dags. 20. maí, um rekstur áfangaheimilis fyrir konur:

Lagt er til að velferðarsviði verði falið í samræmi við innkaupareglur Reykjavíkurborgar að auglýsa eftir samstarfsaðila um rekstur áfangaheimilis fyrir konur að Njálsgötu 65. Áætlaður rekstrarkostnaður á ári er 27.480.000 m.kr. Af þeim kostnaði rúmast 22 m.kr. innan fjárheimilda, sbr. meðfylgjandi kostnaðarmat.

Greinargerð fylgir tillögu.

Samþykkt.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Heimilisleysi kvenna er samfélagslegt vandamál sem erfitt getur verið að leysa, sérstaklega í ljósi þess að vandinn er oft dulinn og erfitt að meta umfang hans. Sérstakt áfangaheimili fyrir konur er mikilvægt skref í því að takast á við þann vanda á forsendum notenda, en hingað til hefur stuðningur við fólk í búsetuerfiðleikum oft miðast við þarfir stærsta sýnilega notendahópsins, sem eru karlmenn. Ákaflega mikilvægt er að eiga sérstakt áfangaheimili fyrir konur, en það er grunnforsenda þess að byrja að ná utan um þörfina. Án slíks úrræðis höfum við ekki sérstakar umsóknir eða biðlista en með þessu úrræði breytist það.

Fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Það er gott að leita til þeirra samtaka sem hafa reynslu og fagþekkingu á þeim málaflokki sem hér um ræðir. Fulltrúi Sósíalístaflokksins vill þó ítreka mikilvægi þess að ábyrgðin, fyrir því að veita þjónustu til þeirra sem hér um ræðir, liggur alltaf hjá Reykjavíkurborg. Komi samstarfsaðilar að rekstrinum er mikilvægt að nægilegt fjármagn fylgi til að hægt sé að veita góða þjónustu. Fulltrúi sósíalista ítrekar þá fjárhagslegu ábyrgð sem er á Reykjavíkurborg varðandi það að tryggja aðgengi að viðeigandi úrræðum.

Berglind Magnúsdóttir, skrifstofustjóri og Þóra Kemp, deildarstjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.